

Professional A20

Veggjamálning



Efnislýsing

Professional A20 er vatnsþynnanleg hálfmött akrýlmálning. Hún þekur vel, er slitsterk, hrindir frá sér óhreinindum og er auðveld í þrifum. Professional A20 hentar sérstaklega vel á vegg í eldhúsum, skrifstofum, fundaherbergjum, göngum, skólum, sjúkrahúsum og iðnaðarrýmum þar sem óskað er eftir hálfmöttu yfirborði með góðri þvottveldni.

Professional A20 hentar til notkunar m.a. á gífsplötur, steypa fleti, ómálaða sem málaða. Hún er sérhönnuð fyrir fagmenn.



Meðhöndlun

Nýmálun/nýbyggingar

1. Tryggið að flöturinn sé laus við olíu, fitu, útfellingar og önnur óhreinindi. Ef flöturinn er duftsmítandi eða mjög gljúpur skal grunna með Professional Microdispers eða Grund+.
2. Sandspartlið og slípið eftir þörfum. Grunnið spartlið með Professional Microdispers, Professional A5 eða Grund+.
3. Fyrir besta árangur skal grunna með Grund+
4. Málið 1-2 umferðir af Professional A20.

Endurmálun

1. Óhreina og málaða fleti skal þvo með Original Málartvätt og vatni. Hreinsið lausa málningu af fletinum.
2. Þvegna kalkmálaða fleti, sem og annað laust bundið undirlag, skal grunna með Professional Microdispers.
3. Gljáandi fleti skal mattslípa, rykhreinsa og grunna eftir þörfum.
4. Málið 1-2 umferðir af Professional A20.

Heilsufars- og umhverfismál

Við slípun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósinni tryggilega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Bindiefni: Akrýl

Gljástig: Hálfmatt 20%

Þurrktími: Við 23°C/50% raka, 1 klst.

Yfirmálun: 2 klst.

Lágmarkshiti við málun: Minnst 5°C, mest 25° í lofti og undirlagi

Rakastig: 40-80%, kjörakastig 65%

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur, málningarsprautur

Þekja: 6-8 fermetrar pr. lítra

Pakkningar: 10 lítra dósir

Stofnar: BW, BM, BC, Nordsjövit, S0502-Y, S0500-N

Hreinsun: Sápuvatn

Geymsla: Í frostfrú rými

Rokgjörn lífræn efni: VOC (fl. A/a) 30 g/l (2010). Inniheldur mest 2 g/l VOC

Þessi lýsing á við hvítan lit. Gildin geta verið önnur fyrir aðra liti.

Umhverfisvottanir

Sænsku astma- og ofnæmisamtökin mæla með Professional A20. Hún uppfyllir staðla Svansins (leyfi nr. 396-003) og Blómsins (leyfisnr. SE/07/01), sem eru umhverfismerki Norrænu ráðherranefndarinnar og Evrópusambandsins. Sjá nánari upplýsingar á www.nordic-ecolabel.org